



Sveitarfélagið
ÁRBORG

STARFSÁÆTLUN 2024-2025

Leikskólinn Jötunheimar



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Um skólann	2
Stutt samantekt frá leikskólastjóra	2
Öryggismál	4
Faglegar áherslur-stefna skólans.....	4
Mat og umbætur	5
Foreldrasamstarf.....	6
Foreldraráð	6
Foreldrafélag.....	7
Samstarf við grenndarsamfélag	7
Farsæld nemenda.....	7
Helstu verkefni 2024-2025.....	8

Leikskólinn Jötunheimar

Heimilisfang: Norðurhólar 3 og Heiðarstekkur 10, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-6370

Netfang: jotunheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://jotunheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:15

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitafélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna.

Hér gefur að líta starfsáætlun leikskólans Jötunheima skólaárið 2024-2025 en hún er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er samin í samráði og samvinnu við kennara leikskólans. Hún hefur að geyma hlutverk Jötunheima þar sem einkunnarorð leikskólans koma fram en þau eru: Leikurinn á vísdóm veit. Einnig má sjá viðfangsefni skólaársins, mat á skólastarfi og helstu verkefni næsta skólaárs.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að.

Um skólann

Jötunheimar hófu starfsemi 8. september 2008 við sameiningu leikskólanna Ásheima og Glaðheima í nýju 6 deilda húsnæði við Norðurhóla 3. Haustið 2023 voru opnaðar tvær deildir í færanlegum kennslustofum við Heiðarstekk 10 og er leikskólinn því 8 deildir. Leikskólinn er rekinn af sveitarfélaginu Árborg og heyrir undir fræðsluvið. Leiðarljós fræðsluviðs er að öll börn og ungmenni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Með því að smella [hér](#) má skoða skóladagatal fyrir skólaárið 2024-2025.

Stutt samantekt frá leikskólastjóra

Skólaárið 2023 – 2024 fór af stað með mikilli orku enda vorum við orðin 15 ára og gleðin við völd.

Á skólaárinu opnuðum við tvær deildir í færanlegum kennslustofum við Heiðarstekk 10 í ágústmánuði. Sú opnun tókst vel til og mikil reynsla og þekking sem býr að baki þeim kennurum sem störfuðu þar þetta skólaárið. Lausnamiðuð hugsun og ígrundun einkennir starfsandann þar. Á deildunum eru þær að vinna í öðru umhverfi en í Norðurhólum sem krefst þess að finna lausnir og endurmeta allar athafnir og aðstæður barnanna.

Í upphafi skólaárs hófum við vinnu við þróunarverkefnið sem við tókum þátt í ásamt hinum leikskólunum í Árborg; Hvernig má styðja við farsæld barna í leikskóla. Áherslupættir Jötunheima voru félags- og tilfinningahæfni barna, þátttaka barna og stuðningur við foreldra. Óhætt er að segja að verkefnið hafi sett lit sinn á skólastarfið með ólíkum hætti. Deildirnar gerðu stöðumat á þeim þáttum/þætti sem þær vildu

leggja áherslu á. Sem afsprengi verkefnisins má meðal annars nefna krakkafundi á deildum, meira val í barnahópnum og aukið aðgengi að leikefni. Samvinna meðal elstu barnanna í flæði og aukin fræðsla til foreldra. Þróunarverkefnið var byggt upp sem starfendarannsókn sem krefst þess að starfsfólk haldi rannsóknardagbók og ígrundi sín störf. Það er upplifun stjórnenda að mikil ígrundun um aðstæður, líðan og hegðun barna hafi farið fram.

Lærdómssamfélagið í Jötunheimum hélt áfram að styrkjast og mörg teymi hafa verið að störfum á skólaárinu. Teymisvinna er orðin fastur hluti af vinnulagi skólans sem kennarar telja vera árangursríka leið til að styrkja starfsaðferðir og efla skólamenningu Jötunheima. Það er mikill kraftur í kennarahópnum og við ætlum ótrauð að halda áfram að gera enn betur. Einn liður í fagstarfi Jötunheima er sameiginlegur fræðilestur allra starfsmanna.

Leikskólinn Jötunheimar er heilsueflandi leikskóli. Markmið okkar er að stuðla að bættri heilsu og líðan allra þeirra sem í skólanum starfa, hafa heilsu hvetjandi áhrif á umhverfi sitt og skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum. Heilsuteymi Jötunheima var virkt á skólaárinu og hélt áfram að vinna að innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla.

Yap þjálfunin, snemmtæk íhlutun í hreyfifærni barna, hélt áfram hjá okkur. Við sjáum mikinn mun á hreyfifærni þeirra barna sem þurfa á þessari þjálfun að halda og sjáum þau jafnframt blómstra á öðrum þroskasviðum.

Í lok apríl var komið að langþráðri námsferð þar sem haldið var til Kaupmannahafnar. Í Kaupmannahöfn fórum við í leikskólaheimsóknir, kynntumst starfsemi Hovedbibliotek København og fengum fyrirlestur um vellíðan í leik og starfi. Ferðin til Danmerkur var í senn fræðandi og lærdómsrík. Það er gaman að kynnast öðrum starfsvettvangi og bera saman við okkar raunveruleika. Ferðin okkar bauð einnig upp á góða og skemmilega samveru samstarfsfólks sem var kærkomið þar sem við erum nú starfandi í tveimur húsum.

Á skipulagsdegi á vormánuðum fengum við skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólkið okkar sem tókst vel til.

Á vormánuðum tókum við þátt í öðru þróunarverkefni sem var á vegum skólaþjónustu Árborgar. Markmið verkefnisins var að skapa vettvang fyrir fræðslu til foreldra við upphaf leikskólagöngu barnanna hér í Jötunheimum. Boðið var upp á uppeldisnámskeiðið Uppeldi sem virkar fyrir foreldra nýrra barna fædd 2022 og 2023 sem eru að hefja leikskólagöngu sína í haust. Alls mættu foreldrar 60% barnahópsins á námskeiðið og þykir það okkur jákvæð framför.

Við munum halda áfram að þróa það góða starf sem nú þegar á sér stað hér í Jötunheimum og stefnum að sjálfsögðu áfram og lengra með því að halda leiknum sem kennsluáðferð hátt á lofti, því leikurinn á vísdom veit.

Öryggismál

Í skólanum er starfandi öryggisteymi sem skipað er öryggisverði og öryggistrúnaðarmanni sem funda tvisvar sinnum á ári og yfirfara verkferla leikskólans og áhættumatið.

Leikskólinn leggur mikla áherslu á að eldvarnir séu í lagi og eru í góðu samstarfi við brunavarnir Árnassýslu. Elsti árgangurinn í leikskólanum taka þátt í eldvarnar-samstarfsverkefni á vegum brunavarna sem kallast Glóð og Logi. Á hverju skólaári fáum við a.m.k. eina heimsókn frá slökkviliðinu. Á hverju vori er bruna- og rýmingaráætlun leikskólans yfirfarin af stjórnendum og á fyrsta skipulagsdegi skólaársins er hún yfirfarin með öllu starfsfólki skólans. Að vori fer síðan fram rýmingaráæfing í samstarfi við brunavarnir Árnassýslu.

Skólinn er með áfalla- og slysaáætlun sem er yfirfarin á hverju hausti og á skipulagsdegi í nóvember er hún yfirfarin með öllu starfsfólki skólans.

Faglegar áherslur-stefna skólans

Jötunheimar er heilsueflandi leikskóli. Leiðarljós leikskólans er Leikurinn á vísdom veit og lögð er áhersla á að þau komi fram í öllu daglegu starfi. Markmið okkar er að öll börn fái að njóta sín á eigin forsendum og getu. Mikilvægt er að börnin fái góðan og samfelldan tíma til leikja og áhersla er lögð á sjálfstæði barnsins til að tjá sig í leik og starfi. Það er meðal annars gert í gegnum skapandi starf, málrækt, hreyfingu og með jákvæðum samskiptum. Áhersla er á leikinn og að barnið læri í gegnum leik. Fullorðnir eiga að vera leiðbeinandi og styðja börnin í þekkingarleit sinni og gefa þeim nægan tíma til að leysa þau verkefni sem þau eru að fást við.

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og mikilvægasta náms- og þroskaleið barna. Sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns. Hann er æðstur allra leikja og gleðigjafi. Til þess að glæða leikinn lífi þarf barnið að búa að fjölbreyttri upplifun úr náttúru, umhverfi og samskiptum. Af þeirri reynslu skapast þekking, nýjar tilfinningar, athafnir og leikni. Í leiknum læra börnin að umgangast hvert annað af virðingu og fá bæði notið hvíldar og útrásar. Samkvæmt rannsóknum er árangursríkasta leiðin fyrir nám barna sem og besti undirbúningurinn fyrir frekara nám og starf síðar á lífsleiðinni að læra í gegnum leikinn.

Leikurinn er kennsluaðferð kennarans. Með því að virða leikinn, skoða hann, þekkja og vera þátttakandi í honum fær kennari góða mynd af getu og þroska hvers barns, stöðu þess í barnahópnum og samskiptum þeirra á milli. Reynsla og þekking kennarans gerir honum kleift að lesa tilfinningar og líðan barns með því að fylgjast með leik þess. Hlutverk kennara er að hlúa vel að samskiptum barna og kennara og innbyrðis milli barnanna. Kennarar eru meðvitaðir um gildi leiksins og mikilvægi þess að vera til staðar þegar á þarf að halda, til að styðja leikinn eða grípa inn í ef þörf krefur.

Sjónrænt uppeldi og áhersla á tilfinningar og tjáningu barnanna er stór þáttur í leikskólauppeldi barna. Það hvetur til skapandi og virkrar hugsunar og eykur sjálfstæði barnanna og trú á þeirra eigin getu. Forsenda lýðræðis er samábyrgð og þátttaka einstaklinga sem gerir þá færa um að móta samfélag sitt og hafa áhrif. Flétta á lýðræði og jafnrétti inn í alla námsþætti Jötunheima. Leikskólinn er fyrir öll börn með ólíkar þarfir og getu. Taka þarf tillit til mismunandi þroska og reynslu einstaklingsins og að hvert barn fái

viðfangsefni við sitt hæfi og geti notið sín á eigin forsendum. Börn með fötlun eða frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Börn með sérþarfir læra best í leik og starfi með öðrum börnum og megináhersla er lögð á að sérkennslan fari fram í litlum hópi þar sem barnið getur notið sín í félagslegum samskiptum.

Heilbrigði er andleg, félagsleg og líkamleg vellíðan. Heilbrigð samskipti einkennast af gagnkvæmri virðingu. Lykilatriði í hreyfiuppeldi barna er að þau læri í gegnum leik og þess vegna þarf góð hreyfistund að einkennast bæði af skipulögðum og frjálsum leik. Í Jötunheimum er lögð áhersla á að barnið fái markvissa alhliða hreyfingu. Hreyfing er mikilvæg jafnt úti sem inni og börnin hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing leysir úr læðingi sköpunarkraft og framkallar gleði, vellíðan og sterka sjálfsmynd. Öll börn fara út a.m.k. einu sinni á dag en þau sem vilja fara aftur út hafa kost á því. Lögð er áhersla á að matur sé unninn að mestu frá grunni. Eftir hádegismat fara öll börn á yngri deildum í hvíld eftir aldri og þörfum. Eldri börnin taka þátt í samverustundum þar sem áhersla er lögð á lestur.

Einkunnarorð Jötunheima

Leikurinn á vísdom veit

Mat og umbætur


Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitarfélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðslufirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og á þeim dögum er starfsþróun starfsmanna jafnframt sinnt.

Á skólaárinu 2023-2024 fór fram starfsmannakönnun á vegum Moodup. Heildarniðurstaða Jötunheima var nokkuð góð og svarhlutfallið var 88%, en að sjálfsgöðu alltaf hægt að gera betur. Starfsánægja mældis 8,2 sem er 0,5 yfir viðmiði. Eins og sést á myndinni hér fyrir neðan að þá erum við vel yfir viðmiðum í flestum þáttum en tækifæri til umbóta í Samband við jafningja og Helgun. Á næsta skólaári þurfum við því að leggja sérstaka áherslu á að efla tvo þætti sérstaklega en það eru að efla traust til samstarfsfólks og

veita samstarfsfólki innblástur til að skila góðri vinnu. Í flokknum Helgun ætlum við að einblína sérstaklega á þrjá þætti sem eru; að hvetja fólk til að leggja á sig í starfinu, efla samstarf og samábyrgð í húsinu og að hvetja starfsfólk til starfsframa á okkar vinnustað.



Foreldrasamstarf

Markmið okkar er að foreldrum finnist þeir velkomnir í leikskólann. Við leggjum áherslu á gott samstarf og gagnvirkt upplýsingastreymi. Við teljum að það sé börnunum fyrir bestu að gott upplýsingaflæði sé milli heimilis og skóla. Kynningarfundur fór fram með rafrænum hætti, sendur var heim glærupakki með ýmsum upplýsingum. Foreldrasamtöl fara að jafnaði fram tvisvar sinnum á skólaári, að hausti er boðið upp á stutt TRAS samtali í kjölfarið af TRAS skráningu sem framkvæmd er á 6 mánaða fresti. Á haustin er foreldrum nýrra barna boðið í svokallað aðlögunarsamtal til að fá að heyra hvernig leikskólagangan fer af stað, líðan barnsins í leik og starfi. Einnig nota deildarstjórar þetta samtali til að fá mat á aðlögun barnsins frá foreldrum. Á skólaárinu bauðst foreldrum að koma í foreldrasamtöl í leikskólann eða á TEAMS og tókst það mjög vel. Á skólaárinu var einnig boðið upp á nokkur fræðslunámskeið fyrir foreldra sem voru vel sótt sem og fræðslumolar sendir heim.

Foreldraráð

Í vetur var starfrækt foreldraráð í leikskólanum. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi Jötunheima. Foreldrafélagið og leikskólinn eru í góðu samstarfi. Á skólaárinu 2023 – 2024 stóð foreldrafélagið meðal annars fyrir vasaljósiferð í desember og páskaeggjaleit í dymbilvik. Í tannverndarvikunni í febrúar gaf foreldrafélagið öllum nemendum leikskólans tannbursta og útskriftarbörnum Jötunheima gjöf (merkt handklæði) á útskriftardaginn. Á vorhátíð leikskólans bauð foreldrafélagið upp á heimsókn frá Íþróttarálfnum og Sollu stirðu. Í lok á skólaárinu gaf foreldrafélagið okkur leikföng og bökkum við kærlega fyrir hlýhug í okkar garð.

Samstarf við grenndarsamfélag

Gott samstarf og samráð hefur verið við kennsluráðgjafa, sálfræðinga og talmeinafræðinga hjá fjölskyldusviði Árborgar. Samstarf við grunnskóla Árborgar hefur verið gott og einkennist af heimsóknum nemenda úr fyrsta bekk í leikskólana sem og skólaheimsóknir elsta árgangs leikskólans í grunnskólana. Elsti árgangurinn fer þá í heimsóknir í skólann, fær að kynnast svolítið umhverfinu þar og fá smávegis undirbúning fyrir komandi skólaár. Foreldrar leikskólabarna í elsta árgangi voru boðaðir á kynningarfund hjá grunnskólunum í maí. Í vor voru haldnir skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem gögnum væntanlegra nemenda var skilað í grunnskólann. Á skólaárinu fundaði faghópur um samstarf leikskóla og grunnskóla reglulega.

Einn af liðum í að efla fagþekkingu leikskólans og byggja upp tengsl er að taka á móti nemum og teljum við mjög mikilvægt að vera í góðu samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Á skólaárinu voru fjórir nemar hjá okkur.

Farsæld nemenda

Í Jötunheimum miðar lýðræðislegt leikskólastarf á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Í leikskólanum eiga allir að vera jafn réttháir og eru þátttakendur í námi sínu og þroska. Í leiðarljósum um leikskóla kemur fram að starfsfólk leikskóla skuli grípa inn í ef þurfa þykir til. Öll börn eiga að njóta bernsku sinnar sem best er á kosið, miðað við þroska og þarfir hvers og eins. Sérkennslustjóri sér um að skipuleggja sérkennsluna eftir þörfum hvers einstaklings. Gerðar eru einstaklingnámskrár með öllum börnum sem eru í sérkennslu. Þegar á þarf að halda eru teymi mynduð utan um þá einstaklinga sem þurfa á sértækri námsaðstoð að halda. Farsæld barna felur í sér að tryggja aðstæður sem skapa barn skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar samkvæmt nýrri löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu [farsældar barna](#).

Lausnateymisfundir Lausnateymisfundir voru haldnir á sex vikna fresti en á þeim sitja frá skólaþjónustu Árborgar; sálfræðingur, leikskólaráðgjafi, ráðgjafi í kennslu barna af erlendum uppruna, fulltrúi frá félagsþjónustu Árborgar, talmeinafræðingur og ráðgjafarþroskaþjálfari. Misjafnt er hvað margir af þessum

aðilum sitja fundina. Á vegum leikskólans sitja, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og eru deildarstjórar kallaðir til ef þarf.

Lausnaleitarfundir eru haldnir innan leikskólans á fjögurra vikna fresti og heldur sérkennslustjóri Jötunheima utan um þá fundi. Á fundinum sitja auk sérkennslustjóra, deildarstjórar, aðstoðarleikskólastjórar og leikskólastjóri. Á lausnarleitarfundinum koma deildarstjórar með málefni sem eru rædd á faglegan hátt í þeim tilgangi að leita lausna á málefnum barna með farsæld þeirra í huga.

Leikskólinn Jötunheimar er kominn í samstarf við Special olympics á Íslandi og Íþróttasamband fatlaðra við innleiðingu YAP verkefnisins sem er snemmtæk íhlutun í hreyfifærni barna. Mikilvægt er að hlúa vel að hreyfiproska barna frá aldrinum 2- 6 ára aldurs. Rannsóknir sýna að til þess að stuðla að góðum hreyfiproska þurfum við að örva og þjálfra hreyfingu með skipulögðum hætti. Þar sem börnin dvelja stóran hluta dagsins í leikskólum, ættu leikskólar að hafa góða aðstöðu fyrir hreyfingu og starfsfólk sem býr yfir þekkingu til að örva hreyfiproska barnanna (Venetsanou og Kambas, 2010). Fagmenn þurfa að kunna að leiðbeina, hvetja og stýra hreyfingu barnanna, því að þannig náum við tilætluðum árangri. Sýnt hefur verið fram á að snemmtæk íhlutun hjá börnum sem glíma við hreyfivanda eykur hreyfifærni þeirra. Við í Jötunheimum leggjum metnað í að stuðla að góðum hreyfiproska hjá öllum börnum og erum meðvituð um að snemmtæk íhlutun eykur hreyfifærni þeirra barna sem eru með slakan hreyfiproska. Í hreyfitíma í Jötunheimum vinna fagaðilar og gefast börnum með skerta hreyfifærni kostur á auka íhlutun í formi hreyfitíma með fagaðila. Þessa snemmtæku íhlutun munum við vinna með í gegnum verkefni YAP – young athletes program.

Helstu verkefni 2024-2025

Í Jötunheimum miðast allt starf leikskólans við leikinn og mikilvægi hans. Samfelldur tími fyrir leik er mikilvægur og dagskipulag miðast við það. Við leggjum ríka áherslu á að andrúmsloft okkar einkennist af vináttu og gleði.

Þegar litið er til áherslu komandi skólaárs förum við með þekkingu okkar á farsæld barna sem við öðluðumst í þróunarverkefninu til hliðsjónar. Sérstakar áherslur vetrarins er að halda áfram að leggja áherslu á félags- og tilfinningahæfni barna, vináttu, samskipti og foreldrasamstarf. Þetta eru allt efnistökin sem voru liður í þróunarverkefni allra leikskólanna í Árborg skólaárið 2023-2024 og viljum við halda áfram að styrkja þá vinnu sem var hafin. Vert er að taka fram að þessi efnistökin eru ekki ný af nálinni og teljum við okkur vera að leggja áherslu á þessa þætti í gegnum daglega starfið okkar í dag. Alltaf er samt hægt að gera betur og það ætlum við að gera. Ætlunin er að lesa ritrýndar greinar um efnistökin í læsislotunum okkar, vera með fræðslu fyrir alla starfsmenn, vinna í teymum til að kynna sér efnið frekar. Jafnframt er stefnan að vera með fræðslu og uppeldisnámskeið fyrir fyrir foreldra. Markmiðið er einnig að innleiða nýja Menntastefnu Árborgar og mun hefjast vinna við að endurskoða til að mynda skólanámskrá leikskólans með hana í huga.

Hvað innleiðingarstarf Heilsueflandi leikskóla varðar þá er það ennþá í góðum farvegi og erum við að bæta okkur á mörgum sviðum og munum halda áfram að gera það. Þar sem nýr gátlisti fyrir Farsældina var að bætast við Heilsueflandi umhverfið munum við leggja áherslu á hann í vetur.

Starfsmenn eru mannauður leikskólans og honum ber að hlúa að, hvetja og styrkja. Símenntunaráætlun Jötunheima er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir skólaárið. Leikskólastjóri ber höfuðábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunarinnar en starfsfólk á eigin símenntun þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn.

Við viljum einfalda skipulag með það í huga að leikurinn fái að njóta sín, efla skráningar á leiknum og gera honum hátt til höfuðs. Það ætlum við að gera með því að virkja lærdómssamfélagið okkar til samtals, skrá leiki, ræða og ígrunda leiki og lesa um leikinn.